

Nd.

71. Frumvarp

til laga um girðingar.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði og Ræktunarsjóði, svo og aðrar girðingar, er njóta styrks af almannafje, skulu vera að minsta kosti 1 meter á hæð, þó skulu kynbótagirðingar, nautagirðingar og graðhestagirðingar ekki vera lægri en 1,12 metra.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild, nema hún sje með 5 strengjum. Garð má hlaða undir vírinn og skal hann vera 0,50—1 metra á hæð, og 3 stengir ofan á honum, ef hann er 0,50 metra, en 2 stengir, ef garðurinn er 1 meter á hæð.

2. gr.

Stuðlar, sem vírinn er festur á, mega vera með 5—6 metra millibili, eftir gildleika þeirra og landslagi, hvort sem girðingin er á jafnsljettu eða garður hlaðinn undir vírinn, samkvæmt 1. gr.

Girðing, sem lán er veitt til úr landssjóði eða Ræktunarsjóði, sje gerð að öðru leyti samkvæmt reglugerð, er landsstjórnin semur.

3. gr.

Þegar einhver vill girða, hvort sem það er einstakur maður eða fjelag, og leitar um lán úr opinberum sjóði til þess, skal hann láta fylgja lánbeiðninni skýrslu um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Nægi eigi fé það, sem ætlað er á ári hverju til girðingarefniskaupa, samkvæmt gildandi fjárlögum, til að fullnægja öllum, er um lán hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Girðing, sem lánað er til úr opinberum sjóði, skal vera fullger innan þriggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda stjórnarráðinu vottorð um, að hún sje gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerðum þeim, er um getur í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið þegar þrjú ár eru liðin, fellur lánið í gjalddaga með 6% vöxtum.

5. gr.

Skylt er sjerhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða fjelög, er fengið hafa lán til girðinga, að viðhalda þeim og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Girðingar á einstökum jörðum, sem lán er veitt til, skulu teknar út við ábúendaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú er girðing gerð, samkvæmt 1. og 2. gr., og lánað til hennar úr Rækt-

unarsjóði eða landssjóði, og skal þá girðingin fylgja jörðinni og má ekki flytja hana í burt, þó að eigandaskifti eða ábúandaskifti verði á henni.

7. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarðeigandi eða ábúandi losað sig við þá skyldu að halda henni við. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af girðingaláninu.

8. gr.

Nú vill jarðeigandi eða leiguliði með ráði landsrottins girða land jarðar sinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerð, er um getur í 2. gr., á landamerkjum, og tilkynnir hann það þeim, er land á í móti honum, og leitar samkomulags um girðinguna og kostnað við að gera hana. Komi þeir sér ekki saman, getur sá er girða vill, eigi að síður girt, og ber þá sá, er land á móti honum, helming áætlaðs kostnaðar. Þó nær þetta ekki til afrjettagirðinga eða girðinga um viðlend beitilönd, nema þær liggja að samfeldum engjum, og getur þá sá, er vill girða, krafist helmings framlags af þeim, er land á móti á því svæði. Þó verður af einni jörð eigi krafist meira framlags á þenna hátt á hverjum 5 árum, en sem svari eins árs afgangi jarðarinnar, og er gjalddagi í byrjun hvers 5 ára tímabils, uns kostnaðurinn er greiddur að fullu. Um greiðslu þessa kostnaðar fer sem um viðurkenda skuld, er hvílir á jarðeiganda, og flytst hún yfir á nýjan eiganda, ef eigandaskifti verða.

Úttektarmenn skera úr, hvort landið samkvæmt þessu, sje undanþegið girðingarskyldu.

9. gr.

Þegar jarðeigandi eða ábúandi með samþykki jarðeiganda vill girða á landamerkjum og eigi getur orðið samkomulag við þann, er land á móti, skal hann láta úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, mæla fyrir girðingunni, gera áætlan um kostnað við hana og ákveða legu hennar. Skal girðingin liggja heint yfir nes, þar sem merki liggja í smákrikum, en þó þannig, að hvorugur missi slægju eða beutiland, eftir því sem við verður komið. En rjettur til annara afnota helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðingin skifti löndum til fullnustu. Að öðru leyti skulu girðingar á landamerkjum liggja í mörkum, þar sem því verður viðkomið. Kostnaðurinn við girðinguna skiftist milli þess, er vill girða og hins er land á móti honum, samkvæmt 7. gr.

10. gr.

Eign og viðhald girðinga þeirra, sem getur um í 7. og 8. gr. er sameiginleg báðum jörðum frá því að hún er uppkomin og fullgerð. En skifta skal girðingum jafnt milli jarðanna til eignar og viðhalds, svo að sinn hlut annist hvor. Sje viðhald girðingarinnar vanrækt af öðrum hvorum, þá á hinn rjett á að krefjast nauðsynlegra umbóta á kostnað þess, sem vanrækslunni er valdur.

Úttektarmenn skulu skifta girðingunni og meta, hvort henni er haldið við svo fullnægjandi sje.

11. gr.

Girðingu má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 1 metri sje milli vegarjaðarins og girðingarinnar. Gaddavirgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 4 metrar sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. Eigi má nota gaddavir í traðir eða meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, nema metershár garður sje hlaðinn undir virinn.

12. gr.

Skylt er að hafa hlið á girðingum yfir alla vegi, svo sem landssjóðsvegi, sýsluvegi og sveitavegi, svo og yfir vegi til afrjetta og forna fjallavegi, þó ekki sjeu í tölu þeirra vega, sem landssjóði er skylt að annast. Skal húið svo um hliðin, að þau verði opnuð og þeim lokað. Fari maður um hlið á girðingu, er hann skyldur til að loka því á eftir sjer. Brot móli þessu og vísitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum og skaðabótum.

13. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun gaddavirs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

14. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykkt samkvæmt 12. gr., og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar á svæði því, er samþykttinni er ætlað að ná yfir. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

15. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 13. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykta, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni, með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, þeirra er á fundi mæta, og samþykktin nær til, sendir sýslumaðurinn það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykta með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktafundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

16. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 12. gr. Er öll meðferð samþykta þá hin sama og 13. og 14. gr. skipa fyrir um, nema að sveitarstjórn kemur þá hvervetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

17. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga

eða rjettindi manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunaráæstaðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitasjóð, ef brotið er móti hreppssamþykkt.

19. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 52, 30. júlí 1909, um girðingar, úr gildi numin.